



SAMÞYKKTIR

I. KAFLI HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR

1. grein

Heiti félagsins er Embla Medical hf. Félagið er hlutafélag.

2. grein

Lögheimili félagsins er að Grjóthálsi 5 í Reykjavík.

3. grein

Tilgangur félagsins er rannsóknir, þróun, framleiðsla og sala á lækningavörum ásamt tilheyrandi þjónustu, fjárfesting og þátttaka í öðrum félögum og önnur skyld starfsemi.

II. KAFLI HLUTAFÉ FÉLAGSINS

4. grein

Hlutafé félagsins er kr. 430.441.257 – fjögurhundruðogþrjátíumilljónirfjögurhundruðfjörtíuog-eittpúsundtvö hundruðfimmtíuogsjökrónur – að nafnverði og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverði 1 króna hver.

Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í félaginu, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhlutabréfa, sbr. þó 5. gr. að neðan.

Fer aukningin fram eftir þeim reglum sem hluthafafundur setur hverju sinni.

Hluthafar eiga forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína, en heimilt er þó að víkja frá þessu ákvæði í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Ákveði hluthafi að nýta ekki forgangsrétt sinn eiga aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar.

Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi frá skrásetningardegi.

5. grein

Í tengslum við fyrirtækjakaup er stjórn félagsins heimilt að auka hlutafé félagsins í áföngum á fimm árum um allt að kr. 57.558.743 – fimmtíuogsjömilljónirfimmhundruðfimmtíuogáttaþúsundsjö hundruðfjörtíuogþrjárkrónur – að nafnverði, með sölu nýrra hluta án þess að forgangsréttarákvæði 34. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 eigi við. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi þessara hluta og sölureglur hverju sinni, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé.

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins í áföngum á fimm árum um allt að kr. 8.000.000 – áttamilljónirkróna – að nafnverði. Heimildin skal aðeins nýtt til að uppfylla samninga sem gerðir hafa verið við starfsmenn o.fl. um kauprétti eða afhendingu hluta í samræmi við hlutabréfatengd hvatakerfi félagsins. Forgangsréttarákvæði 34. gr. laga um hlutafélög nr.



2/1995 eiga ekki við. Kaupgengi hlutanna og sölureglur skulu vera í samræmi við efni samninganna.¹

6. grein

Stjórn félagsins hefur heimild til að ákveða útgáfu hlutafjár félagsins í erlendri mynt í stað íslenskra króna, sbr. heimild í 4. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Skal við umreiknun hlutafjárins fara að ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 5. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Stjórn félagsins er jafnframt heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfunni, þ.m.t. breytingar á fjárhæðum þeim sem fram koma í 4. og 5. gr. samþykktu félagsins og varða breytinguna, með beitingu sömu reikniaðferðar.

7. grein

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í samræmi við lög og skal hún gæta þess að hlutaskráin geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma.

Hlutaskráin skal vera geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Hlutabréf félagsins skulu gefin út með rafrænum hætti.

Hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Sá sem hefur eignast hlut getur beitt réttindum sínum sem hluthafi ef nafn hans er skráð í hlutaskrá eða hann hefur tilkynnt og fært sönnur að eignarhlut sínum, s.s. með fullnægjandi staðfestingu á eignarhlutum frá vörsluaðilanum sem skráður er í hlutaskrá.

8. grein

Engar hömlur eru á meðferð hlutafjár í félaginu.

Engin sérréttindi fylgja neinum hlut í félaginu.

9. grein

Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar frá þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt á lögmætan hátt. Hluthafar verða aldrei, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

10. grein

Félaginu er óheimilt að veita lán út á hlutabréf í félaginu.

Félaginu er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða forstjóra félagsins lán, né setja tryggingu fyrir þá.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

¹ Heimildirnar voru endurnýjaðar á aðalfundi félagsins 8. mars 2021.



III. KAFLI STJÓRNSKIPULAG

11. grein

Með stjórn félagsins fara:

1. Hluthafafundir.
2. Stjórn félagsins.
3. Forstjóri.

IV. KAFLI HLUTHAFAFUNDIR

12. grein

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins er í höndum lögmeðtra hluthafafunda, innan þeirra marka sem samþykktir félagsins og landslög setja.

13. grein

Stjórn félagsins skal annast boðun hluthafafunda þegar hún telur þess þörf. Þá skal einnig boða til hluthafafundar ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárnsins, krefjast þess skriflega og greina frá fundarefni.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hluthafafundur fari fram annars staðar en á heimili félagsins, þar með talið utan Íslands.

14. grein

Boða skal til hluthafafundar minnst þremur vikum fyrir fund og lengst sex vikum fyrir fund.

Boða skal til hluthafafundar með rafrænum hætti þannig að tryggður sé skjóttur aðgangur að því á jafnréttisgrundvelli. Nota skal trausta miðla er tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á evrópska efnahagssvæðinu.

Í fundarboði skal a.m.k. veita upplýsingar um:

1. Fundarstað, fundartíma og drög að dagskrá. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.
2. Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi. M.a. skal upplýsa um:
 - a. frest hluthafa til að tilkynna um þátttöku, sbr. 4. mgr. greinarinnar.
 - b. rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga auk frests til að nýta þennan rétt;
 - c. reglur um atkvæðagreiðslu fyrir atbeina umboðsmanns, eyðublöð vegna slíkrar atkvæðagreiðslu og á hvern hátt félag sé reiðubúið að samþykkja rafrænar tilkynningar um skipun umboðsmanns;
 - d. reglur um skriflega eða rafræna atkvæðagreiðslu eftir því sem við á.
3. Hvar og hvernig nálgast megi óstýttan texta:
 - a. skjala sem lögð verða fyrir hluthafafund;



- b. ályktunartillagna og/eða eftir atvikum athugasemda frá stjórn félagsins eða nefndum hennar varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar;
 - c. ályktunartillagna hluthafa sem borist hafa félaginu.
4. Vefsíðu þar sem hluthafar geta nálgast upplýsingar sem þeir skulu hafa aðgang að á hluthafafundi samkvæmt lögum.

Hluthafar skulu tilkynna félaginu um þátttöku sína á hluthafafundi eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn.

Hluthafafundur er lögmaður án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

15. grein

Þremur vikum fyrir hluthafafund skulu eftirfarandi upplýsingar vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins:

1. Fundarboðið.
2. Heildarfjöldi hluta og atkvæða á fundarboðsdegi.
3. Skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund.
4. Ályktunartillögur og athugasemdir frá stjórn félagsins eða nefndum hennar, eftir því sem við á, varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar. Einnig skal bæta ályktunartillögum hluthafa við á vefsíðu félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra.
5. Eftir atvikum, eyðublöð sem umboðsmenn skulu nota við atkvæðagreiðslu eða nota á við skriflega atkvæðagreiðslu, eða hvernig nálgast megi eyðublöð í pappírformi.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta (tveimur vikum fyrir aðalfund) skal dagskrá og endanlegar tillögur, sbr. þó 3. mgr. greinarinnar, birt á vefsíðu félagsins og vera aðgengileg hluthöfum á skrifstofu félagsins. Ennfremur skulu eftirfarandi skjöl birt á vefsíðu félagsins og vera aðgengileg hluthöfum á skrifstofu félagsins tveimur vikum fyrir aðalfund: Ársreikningur (samstæðureikningur), skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðenda og tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi viku eftir að þau gögn, sem vísað er til í 2. mgr. greinarinnar, hafa verið birt. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.

Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

Löglega fram bornar breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.

16. grein

Rétt til setu á hluthafafundum eiga hluthafar félagsins, umboðsmenn hluthafa, stjórn félagsins, forstjóri félagsins og endurskoðandi félagsins.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum en hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.



Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar.

17. grein

Stjórn félagsins er heimilt að halda hluthafafund með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti, að því gefnu að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að halda rafrænan fund.

Ef tekin er ákvörðun um að halda rafrænan fund skal þess getið sérstaklega í fundarboði. Í fundarboði skulu koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað, hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku á fundinum og aðrar upplýsingar sem geta átt við. Innslegið aðgangsorð í tiltekinn fjarskiptabúnað jafngildir undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á þátttöku hans á hluthafafundinum.

Ef hluthafafundur er haldinn með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti, skulu hluthafar sem hyggjast sækja fundinn með rafrænum hætti tilkynna skrifstofu félagsins um þátttöku ekki síðar en fimm dögum fyrir hluthafafund og samtímis leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.

18. grein

Hluthöfum skal gefinn kostur á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt. Í fundarboði skal koma fram hvernig atkvæðagreiðslan skuli framkvæmd.

19. grein

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett.

Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess.

20. grein

Aðalfund skal halda fyrir lok apríl hvert ár.

Aðalfund skal boða á sama hátt og aðra hluthafafundi.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Tekin ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu
3. Ársreikningur (samstæðureikningur) félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Skýrsla stjórnar um starfskjör.
5. Starfskjarastefna félagsins.
6. Ákvörðun um starfskjör stjórnar félagsins.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða fundurinn samþykkt að taka til meðferðar.



Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutfjárnsins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um liði 2 og 3 að ofan til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

21. grein

Formaður stjórnar setur hluthafafund og stjórnar kosningu á fundarstjóra. Fundarstjóri stjórnar kosningu fundarritara.

Fundarstjóri stjórnar hluthafafundum, leysir úr öllum atriðum sem varða lögmæti fundarins samkvæmt samþykktum félagsins og ákveður form umræðna, meðferð málefna á fundinum og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar ef einhver fundarmanna krefst þess, nema fundarstjóri telji augljóst að það hafi ekki áhrif á úrslit atkvæðagreiðslunnar. Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um hluthafafundi.

Fundarritari heldur fundargerð. Í fundargerð skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal fylgja fundargerðinni. Þegar fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita hana. Fundargerðin er fullgild sönnun þess sem fram hefur farið á hluthafafundi félagsins.

Eigi síðar en tveimur vikum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins.

22. grein

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundum, nema annað sé tekið fram í samþykktum félagsins eða lögum.

Verði atkvæði jöfn á hluthafafundi skal hlutkesti ráða.

Atkvæðisréttur á hluthafafundi miðast við það tímamark þegar fresti hluthafa til að tilkynna um þátttöku á hluthafafundi lýkur.

V. KAFLI STJÓRN FÉLAGSINS

23. grein

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.

24. grein

Stjórn félagsins skal skipuð 4-7 einstaklingum sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn (til loka næsta aðalfundar). Ekki skal kjósa varastjórnarmenn.

Í stjórn félagsins skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Við stjórnarkjör skulu tveir efstu frambjóðendur af hvoru kyni, sem flest atkvæði hljóta, teljast réttkjörnir auk þess frambjóðanda sem flest atkvæði fær af þeim frambjóðendum sem eftir standa.

Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning milli einstaklinga. Kosning skal vera skrifleg eða rafræn ef fjöldi frambjóðenda er fleiri en kjósa skal í stjórn.

Ef hluthafar, sem ráða minnst yfir 1/10 hlutfjárnsins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Ef krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar skal beita margfeldiskosningu.



Stjórn félagsins skal tryggja að skilyrði þessarar greinar séu uppfyllt.

25. grein

Tilkynning um framboð til stjórnar félagsins skal berast skriflega eigi síðar en fimm dögum fyrir hluthafafund sem skal kjósa stjórn.

Í tilkynningu um framboð skal koma fram nafn frambjóðanda, kennitala og heimilsfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynsla og hlutafjáreign í félaginu, auk upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Stjórn félagsins skal fara yfir framboðstilkynningar. Ef gallar eru á tilkynningu skal gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti færi á því að bæta úr þeim innan tiltekins frests, sem eigi má vera lengri en 24 klukkustundir. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan frestsins skal stjórn úrskurða um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu stjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu birtar á vefsíðu félagsins og lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund sem skal kjósa stjórn.

26. grein

Stjórnarmaður skal ávallt uppfylla þau skilyrði sem kveðið er á um í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 til að mega gegna stjórnarstörfum fyrir félagið.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum.

Ef starfi stjórnarmanns lýkur áður en kjörtímabili er lokið getur stjórnin efnt til kjörs nýs stjórnarmanns til loka kjörtíma hins fyrri eða frestað kosningu til næsta aðalfundar þar sem stjórnarkjör fer fram, svo fremi sem stjórnin sé ákvörðunarþær.

Hluthafafundur getur ávallt vikið öllum stjórnarmönnum frá og látið stjórnarkjör fara fram að nýju.

27. grein

Stjórn félagsins ber ábyrgð á málefnum félagsins milli hluthafafunda og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórn félagsins skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd félagsins.

Stjórn félagsins ritar firma þess og eru ályktanir hennar bindandi fyrir félagið.

Stjórn félagsins getur veitt stjórnarmönnum, forstjóra og öðrum heimild til ritunar firma félagsins. Þá má félagsstjórn einnig veita prókúruumboð.

Undirskriftir meirihluta stjórnarmanna þarf til þess að skuldbinda félagið.

28. grein

Stjórn félagsins kýs sér formann úr sínum hópi. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Fund skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða forstjóri krefst þess.



Forstjóri á sæti á fundum stjórnar félagsins og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Ritari stjórnar skal halda fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum. Allar ákvarðanir, ályktanir og niðurstöður atkvæðagreiðslna skulu skráðar í fundargerðina. Stjórnarmaður eða forstjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun eða ályktun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerðina. Stjórn félagsins, forstjóri og ritari stjórnar skulu undirrita fundargerðina. Fundargerðin skal vera fullgild sönnun þess sem fram hefur farið á stjórnarfundum.

Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd og starfa hennar.

29. grein

Stjórn félagsins er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn skal atkvæði formanns ráða.

VI. KAFLI FORSTJÓRI

30. grein

Stjórn félagsins skal ráða forstjóra til að annast daglegan rekstur félagsins. Stjórn ákveður laun og starfskjör forstjóra.

Forstjóri skal ávallt uppfylla þau skilyrði sem kveðið er á um í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 til að mega gegna störfum fyrir félagið.

Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur sem honum eru settar af stjórn félagsins, innan þeirra marka sem samþykktir félagsins og lög setja. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Forstjóri má ávallt koma fram fyrir hönd félagsins í málefnum sem falla undir þessa grein. Ef stjórn félagsins hefur veitt forstjóra prókúruumboð og/eða leyfi til að rita firma félagsins eru slíkar heimildir ekki takmarkaðar af þessu ákvæði.

Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

VII. KAFLI REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN

31. grein

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning (samstæðureikning) félagsins og skal hann hafa að geyma rekstarreikning og efnahagsreikning, svo og skýringar eftir því sem við á, í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994.

32. grein

Á aðalfundi skal kjósa endurskoðanda, sem skal vera endurskoðunarfélag, til eins árs í senn (til loka næsta aðalfundar). Endurskoðandinn skal vera óháður félaginu.



33. grein

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning (samstæðureikning) félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og skal í þeim tilgangi skoða bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og fjárhagsstöðu í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Endurskoðandi skal ávallt hafa aðgang að þeim gögnum félagsins sem hann telur nauðsynleg vegna endurskoðunar eða yfirferðar reikninga. Félagið skal veita endurskoðanda þau gögn, upplýsingar og aðstoð sem hann óskar eftir vegna starfa sinna.

VIII. KAFLI
EIGIN HLUTIR

34. grein

Félaginu er aðeins heimilt að eiga eigin hluti sem nema allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, nema lög um hlutafélög nr. 2/1995 hafi að geyma rýmri heimildir.

Félaginu er aðeins heimilt að kaupa eigin hluti samkvæmt heimild hluthafafundar til handa stjórn félagsins, nema lög um hlutafélög nr. 2/1995 hafi að geyma rýmri heimildir. Heimild hluthafafundar til stjórnar skal vera innan þeirra marka sem kveðið er á um í lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

Atkvæðisréttur fylgir ekki eigin hlutum félagsins.

IX. KAFLI
BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS

35. grein

Samþykktum félagsins verður einungis breytt á lögmætum hluthafafundi, nema lög um hlutafélög nr. 2/1995 heimili annað.

Breytingar á samþykktum félagsins skulu gerðar í samræmi við 93. eða 94. greinar laga um hlutafélög nr. 2/1995. Almennir eru ákvarðanir um breytingar á samþykktum aðeins gildar ef þær hljóta samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Tillögur um niðurfærslur á hlutafé félagsins skal farið með sem breytingar á samþykktum.

X. KAFLI
SLIT Á FÉLAGINU

36. grein

Um slit á félaginu gilda ákvæði XIII. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995.



XI. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

37. grein


Félaginu er heimilt að nota rafræn samskipti og tölvupóst í samskiptum við hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl á pappír. Nær heimildin til allra tilkynninga og samskipta milli félagsins og hluthafa þess, þ.á m. fundarboð fyrir hluthafafundi, greiðslu á arði og annarra tilkynninga til hluthafa samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Rafræn samskipti af þessum toga eru jafngild samskiptum rituðum á pappír. Upplýsingar um notkun á ræfrænum miðlum og um kröfur á hugbúnaði skulu vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins.

38. grein

Þar sem ákvæði þessara samþykktu segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal fara eftir ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Ef samþykktir félagsins brjóta í bága við ófrávíkjanleg lög ganga lög fram samþykktunum.

Reykjavík, 29. ágúst 2025,

DocuSigned by:

286640E270BA4C7...
Sveinn Sölvason
forstjóri og prókúruhafi